



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 23

Menningar- og framfararfélagið Laugarholt

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/ borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 23

Menningar- og framfararfélagið Laugarholt

M.F.F.L.

Formáli

Menningar- og framfararfélagið Laugarholt var stofnað 16. febrúar 1947. Tilgangur félagsins var að vinna að og efla framkvæmdir til endurbóta á öllum menningar og hagsmunamálum á félagssvæðinu. Einnig átti að standa vörð um það að réttur íbúa þessa svæðis væri ekki skertur miðað við aðra íbúa Reykjavíkur.

Félagssvæðið takmarkaðist af svæðinu frá Elliðaám, meðfram Suðurlandsbraut að norðan. Að væntanlegu íþróttasvæði, inn Laugarásveg og meðfram línu sem hugsast dregin: frá Reykjum, beint á Kleppsveg.

Meðal málefna sem félagið lét til sín taka var að fá leikskóla, bókasafn, bættar almenningssamgöngur og úrbót í símamálum hverfisins. Síðasti fundur félagsins samkvæmt gerðabók var 7. mars 1949.

Grímur M. Helgason Handritadeild Landsbókasafns afhenti 21. maí 1985.

Skjalaskrá

Gerðabók stjórnarfunda 28. febrúar 1947 - 7. mars 1949.

Lög félagsins 16. febrúar 1947.

Rekstrar- og efnahagsreikningur 1947.

Stofnfélagatal.

Uppkast að fundargerð 12. janúar 1948.

Með einkaskjalasafni nr. 22 í öskju.

Skráð Sigríður H. Jörundsdóttir.